

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2322  
komudagur 14.8.2002



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 26. júlí 2002  
100/199/SS/ajr


**Umsagnir af hálfu Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál.**

Læknafélag Íslands þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að fjalla um frumvarpið. Stjórn félagsins fór þess á leit við lækna Pétur Pétursson og Ólaf Hergil Oddsson, að þeir ynnu umsögn um frumvarpið en báðir hafa þeir mikla reynslu í embættis- og félagslækningum. Veittu þeir sinn hvora umsögnina og leggur stjórn Læknafélags Íslands þær báðar fram í þágu þessarar lagasmíðar.

Vil ég f.h. Læknafélags Íslands taka undir það sjónarmið Péturs Péturssonar, læknis, að ýmis önnur heiti en stöð eigi betur við um stofnun af því tagi, sem hér skal komið á fót og er tillaga hans um Lýðheilsustofu mjög geðþekkt. Margvísleg rök mæla með því að þessi stofnun verði staðsett úti á landi, t.d. á Akureyri ef það þjónar pólitískum markmiðum stjórnvalda.

Meðf. eru umræddar umsagnir lækna tveggja.

Með kveðju  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson  
formaður

**Ólafur Hergill Oddsson**  
**Oddeyrargötu 28**  
**Pósthólf 474**  
**602 Akureyri**

Akureyri 17. júlí 2002

**Stjórn Læknafélags Íslands**  
**Hlíðasmára 8**  
**201 Kópavogi**

***Umsögn um frumvarp til laga um lýðheilsustöð.***

Fyrst vil ég nefna að mér finnst eðlilegt að tala um Lýðheilsustöð Íslands.  
Þetta undirstrikar að hlutverk og starfsvettvangur stöðvarinnar tekur til alls landsins.

***Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:***

**1. gr.**

**Markmið.**

Engar athugasemdir

**2. gr.**

**Yfirstjórn.**

Bæta við "Íslands" á eftir Lýðheilsustöð, þar sem það á við.

**3. gr.**

**Hlutverk.**

3. lína:..."frjálsra félagasamtaka" falli brott, í stað koma "félaga".

6. lína.....síðasta setning sem hefst með orðunum: "Stöðin fylgist með" og endar á:  
"rannsóknastofnanir" falli brott, í stað hennar komi setningin: "Stöðin stuðlar að  
rannsóknnum á sviði lýðheilsu."

**Helstu verkefni lýðheilsustöðvar eru:**

a) liður:..."forvörnum" falli brott, í staðinn komi: "heilsuvernd", þannig að liðurinn  
verði:..."að stuðla að bættri lýðheilsu og glæða áhuga á heilsuvernd og heilsuefningu."

c) liður.í stað "félagasamtökum" komi: "félögum."

Síðasta setningin: ..."í samráði við ráðherra" falli brott og setningin verði: "Lýðheilsustöð  
er heimilt að semja við aðra um að sinna starfsemi, sem stöðinni er falið að annast  
samkvæmt lögum og reglugerðum."

**Rök fyrir breytingatillögum við 3. grein:**

Hvað eru frjáls og hvað eru ófrjáls félagasamtök? Nægilegt er að tala um félög.

Eðlilegt er að stöðin stuðli að rannsóknum á sviði lýðheilsu. Óþarft er að telja upp samvinnuaðila sem hljóta að verða mjög margir. Ég tel ekki nauðsynlegt í þessum lögum að kveða á um samvinnu við landlækni. Hlutverk landlæknis er að fylgjast með árangri af lýðheilsustarfi, það er hluti þess að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni. Þar með finnst mér ekki rétt að stöðinni, sem er m.a. í framkvæmd ýmissa verkefna varðandi lýðheilsu, sé með lögum líka falið að fylgjast með árangri af lýðheilsustarfi. Eðlilegra er að slíkt sé á könnu landlæknis.

Skýrara er að tala um heilsuvernd frekar en forvarnir.

Félög í stað félagasamtaka, sjá rök hér að ofan.

Óþarft er að tilgreina í lögum samráð við ráðherra. Stöðin starfar á ábyrgð ráðherra og þar með er samráð eðlilegt þegar við á.

#### **4. gr.**

##### **Landsnefnd um lýðheilsu.**

Er ekki reiknað með því að formenn annarra sérfræðiráða en þeirra, sem talin eru upp í 5. grein, verði í nefndinni?

#### **5. gr.**

##### **Sérfræðiráð.**

Breytingartillaga: Upphafsstetningin í 5. gr. verði sem hér segir:

"Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa innan lýðheilsustöðvar og gegna hlutverki sérfræðiráða hennar, hvert á sínu sérsviði og vera henni til ráðuneytis."

**Rök:** Eðlilegt er að gæta samræmis varðandi sérfræðiráðin.

#### **6. gr.**

##### **Áfengis- og vímuvarnaráð.**

Í lok 2. mgr. komi "félaga" í stað "félagasamtaka".

*Sjá rök hér að ofan.*

#### **7. til og með 8. gr.:**

Engar athugasemdir.

#### **9. grein**

##### **Tóbaksvarnaráð.**

Fyrsta setningin, sem hefst á orðunum: "Tóbaksvarnaráð skal".... og endar á orðinu "lýðheilsustöðvar" falli niður.

Í annarri setningu sem hefst á orðinu: ..."Hlutverk þess".....og endar á orðinu: "lýtur" falli niður og orðið "menntakerfi" bætist við á undan "Hollustuvernd ríkisins", og er þá 1. mgr. 9. gr. sem hér segir:

"Hlutverk tóbaksvarnaráðs er að vera lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum, menntakerfi, Hollustuvemd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur."

Í 4. mgr. "í samráði við ráðherra"...falli niður, málsgreinin hljóði svo: "Lýðheilsustöð skal fá 0.9% af brúttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs."

#### **Rök fyrir breytingatillögum, á við 9. gr.:**

Fyrsta setningin falli niður: Sjá breytingu á fyrstu setningu í 5. grein. Eðlilegt er að hafa samræmi í orðalagi varðandi sérfræðiráðin.

Ekki er þörf á að nota orðalagið fyrst og fremst. Rétt er að bæta menntakerfinu inn í upptalningu aðila, sem tóbaksvarnaráð veitir ráðgjöf, þar sem svo snar þáttur tóbaksvarna byggist á samstarfi við menntakerfið.

Brottfall orðanna "í samráði við ráðherra": Lýðheilsustöð starfar á ábyrgð ráðherra og óþarft er að geta sérstaklega um samráð við hann.

#### **Um staðsetningu lýðheilsustöðvar**

Í þessu frumvarpi til laga kemur ekki fram hvar lýðheilsustöð verður staðsett á landinu. Ég tel eðlilegt í samræmi við nýsamþykktu stefnu stjórnvalda í byggðamálum að lýðheilsustöð verði staðsett á Akureyri. Í stefnu stjórnvalda í byggðamálum fyrir árin 2002 til 2005 kemur fram sú meginhugmynd að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga stöfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir, sem fyrir eru, í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, eða nýjar stofnanir eru settar á fót (leturbreyting ÓHO) og hugsanlega með flutningi stofnana.


Markmiðið er að efla stærstu byggðalögin á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta eru endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari.


**Markmiðið er einnig að opinberar stofnanir á landsbyggðinni hafi ekki aðeins svæðisbundið þjónustuhlutverk með höndum heldur verði stofnanir sem þjóna landinu öllu einnig staðsettar á landsbyggðinni (leturbreyting ÓHO).**

Í stefnu stjórnvalda er einnig kveðið á um að efla skuli Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sérstaklega.

Með tilliti til alls þessa tel ég eðlilegt að lýðheilsustöð verði staðsett á Akureyri. Á Akureyri er háskóli, háskólasjúkrahús og ein stærsta heilsugæslustöð landsins og öll rök mæla með því að starfsemi þessarar lýðheilsustöðvar eigi vel heima á Akureyri. Fyrnefndar stofnanir geta með tengingum sínum við Norður- og Austurland verið sterkt bakland fyrir stöðina.

Virðingarfyllst,

  
Olafur Hergill Oddsson, lækni



Akureyri 16/7 2002

**Stjórn Læknafélags Íslands**  
**Hlíðasmára 8**  
**201 Kópavogi**

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lýðheilsustöð**

Ég undirritaður þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá mig um ofangreint frumvarp. Við lestur þess verður mér þetta efst í huga:

- Frumvarp til laga um lýðheilsustöð er fagnaðarefni og er einkar mikilvægt, að það verði samþykkt svo stofnunin komist sem fyrst á lagginnar, því þörfin fyrir þessa starfsemi er afar brýn, bæði fyrir stjórnvöld, heilbrigðisstarfsmenn og alla þá, sem að eflingu og varðveislu lýðheilsu vinna, því öllum er þeim nauðsyn á traustri vitneskju fyrir margvíslega ákvarðanatöku sína.
- Lítil metnaður fyrir hönd stofnunarinnar kemur fram í greinargerð fjárlagadeildar fjármálaráðuneytisins og ef sjónarmið þeirra afla ná fram að ganga, verður lítil breyting á lýðheilsustarfi á Íslandi frá því sem nú er. Aðeins með myndarlegum fjárveitingum getur þessi stofnun dafnað og komið góðum málum til leiðar. Ekki kemur fram, að gert sé ráð fyrir auknum mannafla til rannsókna eða áróðursmála ellegar sérfræðiverkefna. Ekki virðist gert ráð fyrir auknum tengslum við sambærilegar stofnanir erlendis, erlend menntasetur eða alþjóðastofnanir, því hvergi er að sjá, að gert sé ráð fyrir ferðakostnaði, útlátum til menntunar- eða kennslu ellegar útgáfukostnaði.
- Samkvæmt frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir sjálfstæðum rannsóknum á vegum stofnunarinnar ellegar neins konar akademiskri starfsemi. Slagkraftur stofnunar sem þessarar byggist að verulegu leyti á slíkri starfsemi og tengslum við hlíðstæðar stofnanir erlendis og mennta- og rannsóknastofnanir innan lands sem utan, auk tengsla við aðrar opinberar stofnanir hérlandis, fjölmiðla og áhugamannasamtök.
- Eðlilegt er að hvergi sé vikið að staðsetningu stofnunarinnar í frumvarpinu, því það hlýtur að verða seinni tíma ákvörðunatriði. Mikilvægt er að henni verði ekki valinn staður eða húsnæði, sem með einhverjum hætti gerði það erfiðara að ráða til hennar hæfustu fagmenn á sviði heilbrigðisvísinda ellegar torveldaði starfsmönnum að ná sem bestum og greiðustum tengslum við aðra þá sem að lýðheilsu málum og –rannsóknum vinna. Rífrildi og reiptog um

staðsetningu á þessu stigi málsins er áhrifaríkasta leiðin til að svæfa þetta brýna þjóðþrifamál.


- Nafn stofnunarinnar er með afbrigðum tilkomulítið og tengist í málvitund venjulegra Íslendinga fremur einhvers konar iðnaði en setri andlegrar iðju, vísinda og stjórnkænsku. Lýðheilsumiðstöð og lýðheilsustofnun væri strax skárri, en skárst væri líklega *lýðheilsusetur* eða *lýðheilsustofa Íslands* til samræmis við hagstofuna.

Athugasemdir við einstakar greinar:

- **2. gr.** Þar sem lýðheilsa snertir flesta þætti mannlegs samfélags, verður henni lítt til grósku komið nema með sameinuðu átaki allra hagsmunaaðila, njótenda og þolenda. Ill reynsla er að því að hafa stjórn þessara mála á könnu fagráðuneytis heilbrigðismála eða eftirlitsstofnunar landlæknis, þar sem sjónarhornið hefur jafnan verið tengt fjármálum, viðgerðum og lækningum en síður forvörnum og lýðheilsufræðilegum þáttum, enda hafa forvarnir og heilsuefling alltaf verið hornrekur þegar fjárveitingum er útdelt. Því fer best á að setja stofnunina undir hatt forsætisráðuneytis. Myndi það auka vægi stofnunarinnar og starfseminnar og gera alla samhæfingu við önnur ráðuneyti og aðra geira þjóðlífsins auðveldari. Þannig væri staða lýðheilsustofu svipuð og hagstofunnar. Í framhaldi af því breytist texti frumvarpsins þannig, að í stað ráðherra heilbrigðismála standi jafnan forsætisráðherra.
- **3. gr.** Í stað orðanna „*stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra*,” sbr. ákvæði 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu komi „**Íslenska heilbrigðisáætlun.**”
- Óþarflega margt er látið liggja milli hluta í frumvarpi þessu og víða er ráðherra gefið of mikið vald til að ráða þróun mála. Svo virðist sem höfundar frumvarpsins hafi ekki háar hugmyndir um verkefni stofnunarinnar fram yfir það, sem hin lögbundnu ráð hafa nú þegar. Með því að nefna aukið verksvið aðeins í greinargerð skapast hætta á að þau verði látin reka á reiðanum.
- **3. gr.** Þar sem verkefni lýðheilsustöðvar eru talin upp í þremur liðum, fer betur á því að nota upptalningu greinargerðarinnar:
  - a. *að stuðla að eflingu lýðheilsustarfs í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa,*
  - b. *að annast það starf sem nú er unnið samkvæmt sérstökum lögum um áfengis- og vímu varnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og sjá um önnur forvarna- og heilsueflingar verkefni á vegum ríkisins,*
  - c. *að fylgjast með og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu sem að gagni mætti koma í lýðheilsustarfi,*
  - d. *að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera saman við sett markmið,*
  - e. *að efla þekkingu og færni þeirra sem starfa að eflingu lýðheilsu,*
  - f. *að miðla upplýsingum og fræðslu til landsmanna og einstakra hópa í samfélaginu, eftir því sem við á, í samvinnu við landlækni og aðra,*
  - g. *að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir.*

Bæta mætti hér við:

- h. að safna upplýsingum um og sinna eftir föngum rannsóknnum og mati á heilbrigðisástandi þjóðarinnar og leitast við að greina sundur og meta þá þætti, sem áhrif hafa á þjóðarheilsu*
- i. að gera tillögur til viðkomandi ráðuneyta um aðgerðir, sem nauðsynlegar verða að teljast til að bæta heilsufar eða viðhalda því og rökstyðja tillögur um forgangsöröðun verkefna með vísindalegum rökum.*
- j. að sjá fjölmiðlum fyrir traustum upplýsingum um lýðheilsufræðileg efni og veita aðstoð við túlkun þeirra.*
- **4. gr.** Mikilvægt er að í landsnefnd um lýðheilsu sitji bæði aðilar sem hafa þekkingu á lýðheilsufræðilegum efnum en einnig aðrir hagsmunaaðilar, sem hafi þekkingu á framkvæmdaþætti þeirra mála, er leiða þarf til lykta og þeirra verkefna, sem hrinda þarf í framkvæmd. Vel færi á því, að þar sætu fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi um lýðheilsu og frá Landssamtökum heilsugæslustöðva.
  - **5. gr.** Varðandi skipan sérfræðiráða má benda á, að á vegum embættis landlæknis er þessir ráðgjafaraðilar starfandi:
    - Fagråd um atvinnusjúkdóma og vinnuvernd (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um geðvernd (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um heilsueflingu (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um mæðravernd (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um ung- og smábarnavernd (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um heilsugæslu í skólum (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um heilsuvernd aldraðra (Gæða- og lýðheilsusvið).
    - Fagråd um sjón- og heyrnarvernd (Gæða- og lýðheilsusvið).Ekkert virðist því til fyrirstöðu að lýðheilsustöðin yfirtaki útgerð þeirra.
  - **9. gr.** Vel færi á því að auka álögur á tóbakssölu til að styrkja fjárhagsgrundvöll lýðheilsustofu. Trúlega gæti Alþingi ekki tekið aðra áhrifaríkari ákvörðun til heilsueflingar en að kippa úr sambandi vísitölutengingu tóbaksverðs, sem er löggjafanum til minnkunar, þar sem hér er um stórlega heilsuspillandi vöru að ræða.



Pétur Pétursson yfirlæknir